



Þórhallur B. Björnsson

Fæddur 20. maí 1931
Dáinn 23. október 2025



Prestur
Séra Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti
Viðar Guðmundsson

Fiðla
Matthías Stefánsson

Einsöngvari
Halldór Benjamín Hallgrímsson

Kór
Kammerkór Akraneskirky

Umsjón útfarar
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni.*

Jarðsett verður í Akraneskirkygarði

Útför frá Akraneskirky
föstudaginn 31. október 2025

Forspil
What A Wonderful World
G. D. Weiss - B. Thiele

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur
Margrét Scheving*

Ritningarlestur

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís, en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund,
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund,
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason



Ritningarlestur

Kveðja
Bubbi Morthens

Guðspjall

Vér biðjum þig Drottinn að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðar sól rísa, veg þeim öllum vísa
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánaud og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær. Ó, Guð veit oss frið.
Veit oss þinn frið.

Óskar Ingimarsson - Adrian Valerius

Minningarorð

Við gengum tvö
Valdimar H. Hallstað - Friðrik Jónsson

Bæn – Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson
P. C. Crossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson
P. C. Crossing 1820*

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með firjovgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi’ í Jesú nafni,
í Jesú nafni’ eg dey,
þó heilsa’ og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti’ eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson
Antwerpen 1540/Breytt 1840*

Blessun

Útspil
In the mood
Joe Garland